

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 718/1999

frá 29. mars 1999

um stefnu bandalagsins varðandi flutningsgetu flotans er miðar að því efla flutninga á skipgengum vatnaleiðum(*)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 75. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar⁽¹⁾,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar⁽²⁾,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 189. gr. c í sáttmálanum⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð (EBE) nr. 1101/89⁽⁴⁾ var ákveðin tilhögun skipulagsumbóta á sviði skipgengra vatnaleiða hjá flotum sem sigla á samtengdu vatnaleiðakerfi Belgíu, Þýskalands, Frakklands, Lúxemborgar, Hollands og Austurríkis. Með þeirri reglugerð átti, með samræmdum áætlunum um úreldingu skipa á vettvangi bandalagsins, að draga úr umframflutningsgetu hjá flotum sem sigla á skipgengum vatnaleiðum. Sú reglugerð fellur úr gildi 28. apríl 1999.
- 2) Í tengslum við hliðarráðstafanir vegna þessarar tilhögunar skipulagsumbóta, sem á að koma í veg fyrir aukningu á núverandi umframflutningsgetu eða frekari umframflutningsgetu, hefur reglan „gamalt fyrir nýtt“ reynst nauðsynleg fyrir rekstur á vatnaleiðamarkaðinum. Reglan verður áfram mikilvægt tæki til íhlutunar komi til alvarlegrar röskunar á áðurnefndum markaði,

sem er skilgreind í 1. gr. tilskipunar 96/75/EB⁽⁵⁾. Gera ber ráðstafanir til að koma í veg fyrir að hagnaður af áætlunum um úreldingu, sem hafa verið við lýði frá 1990, verði að engu gerður með tilkomu nýrrar flutningsgetu um leið og áðurnefnd regla fellur út gildi. Því er nauðsynlegt að halda reglunni „gamalt fyrir nýtt“ á tilteknu tímabili, þó ekki lengur en í fjögur ár, samtímis því að lækka hlutfallið smám saman niður í núll til að standa vörð um breytinguna og leiða markaðsihlutun bandalagsins til lykta. Einnig er mikilvægt að halda lengur en í fjögur ár því stýringartæki á flutningsgetu flota bandalagsins sem felst í aðferðinni „gamalt fyrir nýtt“, en líta á það sem núllstíllt varaúrræði sem verði gripið til ef til alvarlegrar markaðsröskunar kemur af því tagi sem um getur í 7. gr. tilskipunar 96/75/EB.

- 3) Hafa verður skilvirkt eftirlit með nýrri umframflutningsgetu í öllum greinum flutningsmarkaðarins á skipgengum vatnaleiðum. Því verða ráðstafanir, sem samþykktar eru, að vera almenns eðlis og ná til allra flutningaskipa og stjakkbáta. Þó skal undanskilja frá slíkum ráðstöfunum skip sem að engu leyti stuðla að umframflutningsgetu á samtengda skipgenga vatnaleiðakerfinu vegna þess að þau sigla eingöngu á lokaða innlenda eða alþjóðlega markaði og gera skal ráðstafanir til þess að hægt sé að undanskilja skip sem að engu leyti stuðla að slíkri umframflutningsgetu vegna þess að heildarburðargeta þeirra er undir 450 tonnum. Hins vegar verða umræddar ráðstafanir að taka til skipa í einkaeigu, sem flytja vörur fyrir eigin reikning, vegna áhrifa þeirra á flutningsmarkaðinn.

(¹) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 102, 17.4.1999, bls. 64, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 120/1999 frá 24. september 1999 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

(²) Stjtið. EB C 320, 17.10.1998, bls. 4 og Stjtið. EB C 15, 20.1.1999, bls. 15.

(³) Álit var skilað 2. desember 1998 (Stjtið. EB C 40, 15.2.1999, bls. 47).

(⁴) Álit Evrópuþingsins frá 3. desember 1998 (Stjtið. EB C 398, 21.12.1998), sameiginleg afstaða ráðsins frá 21. desember 1998 (Stjtið. EB C 55, 25.2.1999) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 25. febrúar 1999 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

(⁵) Stjtið. EB L 116, 28.4.1989, bls. 25. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 742/98 frá 2. apríl 1998 (Stjtið. EB L 103, 3.4.1998, bls. 3).

- 4) Sameiginleg aðferð, sem veitir aðildarríkjunum möguleika á að gera sameiginlegar ráðstafanir til að ná sama markmiði, er algjört skilyrði fyrir því að hægt sé að stýra flutningsgetu. Í aðildarríkjum, þar sem eru skipgengar vatnaleiðir, ber í þessu skyni að halda úreldingarsjóðunum, sem voru teknir upp með reglugerð (EBE) nr. 1101/89, en undir nýju heiti og í þessum sjóðum ber að beita reglunni gamalt fyrir nýtt. Umframtekjur sem koma með framlagi atvinnurekenda

(⁶) Tilskipun ráðsins 96/75/EB frá 19. nóvember 1996 um skipaleigugerfi og verðlagningu í flutningum á innlendum og alþjóðlegum skipgengum vatnaleiðum í bandalaginu (Stjtið. EB L 304, 27.11.1996, bls. 12)

í greininni til skipulagsumbóta, sem standa yfir til 28. apríl 1999, ber að setja í varasjóð sem tengist áður nefndum sjóðum.

- 5) Vegna grundvallarmunar á mörkuðum með þurran farm, fljótandi farm og stjakkbáta er rétt að halda aðskilda reikninga í hverjum sjóði vegna þurrflutningaskipa, tankskipa og stjakkbáta.
- 6) Að því er varðar efnahagsstefnu, sem samræmist sáttmálanum, hvílir ábyrgðin á stýringu á flutningsgetu að mestu leyti á rekstraraðilum í greininni. Fyrirtæki sem stunda flutninga á skipgengum vatnaleiðum eiga því að bera kostnaðinn af þeim ráðstöfunum sem teknar verða upp. Stýring flutningsgetu felst í því að sett eru skilyrði fyrir því að taka upp tiltekna aukna flutningsgetu án þess að hefta algerlega aðgang að markaði. Mögulegt er að takmarka gildistíma og áhrif þessara skilyrða og laga þau að þróun markaðarins en lækka verður hlutföllin smám saman niður í núll innan fjögurra ára, sem reiknast frá 29. apríl 1999. Þessari stjórnunaraðferð, sem nefnist „reglan gamalt fyrir nýtt“, ber að halda sem varaúrræði þegar hlutfallið er komið niður í núll. Sérstök framlögin, sem eru greidd samkvæmt reglunni „gamalt fyrir nýtt“, ber að setja í varasjóði og hægt er að nota þau til að greiða úreldingarbætur ef markaðsíhlutun reynist nauðsynleg.
- 7) Tryggja þarf að ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð og framkvæmd þeirra, raski ekki eða skapi ekki hættu á röskun samkeppni, einkum með því að veita sumum fyrirtækjum aðstoð umfram önnur í þeim mæli að það brjóti gegn hagsmunum heildarinnar. Til að tryggja hlutaðeigandi fyrirtækjum sem jöfnust samkeppnisskilyrði skal greiða sérstök framlög í sjóði til smíði nýrra skipa og úreldingarbætur, sem eru veittar í samræmi við málsmeðferðina í 8. gr. tilskipunar 96/75/EB, reynist þær nauðsynlegar vegna alvarlegrar markaðsröskunar, á samræmdu gengi og samkvæmt samræmdum skilmálum.
- 8) Þar eð flotar, sem sigla á innlendum vatnaleiðum, eru flotar bandalagsins skal taka allar ákvarðanir um það hvernig beri að beita þessu stýringartæki á flutningsgetu á vettvangi bandalagsins. Umboð til að samþykkja slíkar ákvarðanir, sjá um framkvæmd þeirra og viðhalda skilyrðum um samkeppni, eins og mælt er fyrir um í þessari reglugerð, skal vera í höndum framkvæmdastjórnarinnar. Mikilvægt er að framkvæmdastjórnin taki slíkar ákvarðanir að höfðu samráði við aðildarríkin og samtök sem eru í fyrirsvari fyrir farmflytjendur á skipgengum vatnaleiðum á vettvangi bandalagsins.
- 9) Í tengslum við endurvæðingu og endurskipulagningu á flotum bandalagsins, til gagns fyrir umhverfið og til að stuðla að bættu öryggi, ber að huga að félagslegum ráðstöfunum í þágu launþega sem vilja hætta störfum á skipgengum vatnaleiðum eða endurmennta sig til annarra starfa, ásamt ráðstöfunum til að hvetja til stofnunar fyrirtækjahópa, bæta faghæfni rekstraraðila

og stuðla að því að skipin séu löguð að tækniframförum.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Stefna bandalagsins varðandi flutningsgetu flotans, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, skal gilda um skip sem sigla með farm á milli tveggja eða fleiri staða á skipgengum vatnaleiðum í aðildarríkjunum.

Á tímabili, sem ekki er lengra en fjögur ár og hefst 29. apríl 1999, nær þessi stefna, í samræmi við þessa reglugerð, til skilyrða fyrir aukinni flutningsgetu.

2. gr.

1. Reglugerð þessi skal gilda um farmskip og stjakkbáta sem annast flutninga fyrir eigin reikning eða gegn gjaldi og eru skráð í aðildarríki eða gerð út af fyrirtæki með staðfestu í aðildarríki.

Að því er þessa reglugerð varðar merkir orðið „fyrirtæki“ hvern þann einstakling eða lögpersónu sem hefur með rekstur að gera, hvort heldur um er að ræða handverk eða iðnaðarvinnslu.

2. Reglugerð þessi gildir ekki um eftirfarandi:

- a) skip sem sigla eingöngu á vatnaleiðum innanlands sem eru ekki tengdar öðrum vatnaleiðum innan bandalagsins;
- b) skip sem vegna stærðar sinnar geta ekki yfirgefið vatnaleiðir innanlands, sem þau sigla venjulega á, né farið inn á aðrar vatnaleiðir bandalagsins („skip með takmarkað farsvið“), enda séu þau skip ekki líkleg til að keppa við skip sem fjallað er um í þessari reglugerð;
- c) skip sem sigla eingöngu á Dóná (og þverám hennar) til Kelheim án þess að fara út fyrir þær;
- d) stjakkbáta með hreyfiafl innan við 300 kílóvött;

- e) skip og skiptæka pramma sem sigla á skipgengum vatnaleiðum og eingöngu eru notuð í innanlands eða millilandaflutningum þar sem sigla þarf hluta leiðarinnar á sjó;
- f) skip sem eingöngu eru notuð sem vörugymsla, þ.e. skip sem eru notuð til að ferma og afferma vörur á sama stað;
- g) dýpkunarbúnað, svo sem sjálfhlaðandi dýpkunarskip og dýpkunarpramma og fljóttandi gröfufleka, svo framarlega sem slíkur búnaður er ekki notaður til að flytja vörur í skilningi 1. gr.;
- h) ferjur;
- i) skip notuð í opinberri þjónustu sem ekki er veitt í hagnaðarskyni.

3. Hlutaðeigandi aðildarríki, í skilningi 1. mgr. 3. gr., geta undanskilið frá ákvæðum reglugerðarinnar skip með burðargetu undir 450 tonnum. Aðildarríki sem nýtir sér þennan möguleika skal innan sex mánaða tilkynna það til framkvæmdastjórnarinnar, sem tilkynnir það hinum aðildarríkjunum.

3. gr.

1. Aðildarríki, sem hefur yfir að ráða skipgöngu vatnaleiðakerfi, tengdu skipgöngu vatnaleiðakerfi annars aðildarríkis og skipaflota yfir 100 000 tonnum, sem nefnist hér á eftir „hlutaðeigandi aðildarríki“, skal stofna vatnaleiðasjóð samkvæmt innlendri löggjöf og stjórnvaldsúrræðum, sem nefnist hér á eftir „sjóðurinn“.

2. Lögbær yfirvöld hlutaðeigandi aðildarríkis skulu fara með stjórn sjóðsins. Stjórnina skulu einnig skipa fulltrúar innlendra samtaka sem eru í fyrirsvari fyrir farmflytjendur á skipgöngum vatnaleiðum í hverju aðildarríki fyrir sig.

3. Hver sjóður skal ráða yfir varasjóði með þremur aðskildum reikningum; einum fyrir þurrflutningabáta, einum fyrir tankbáta og einum fyrir stjakkbáta. Varasjóðinn skal fjármagna með:

— umframtekjum til skipulagsumbóta, sem standa yfir til 28. apríl 1999, sem eingöngu koma frá framlögum atvinnurekenda í greininni,

— sérstökum framlögum sem um getur í 4. gr.,

— fjármagni, sem hægt er að grípa til komi til alvarlegrar markaðsröskunar, eins og um getur í 7. gr. tilskipunar 96/75/EB.

4. Heimilt er að nota varasjóðinn til viðeigandi ráðstafana, sem um getur í 7. gr. tilskipunar 96/75/EB, ekki síst til umbóta sem skipulagðar eru á vettvangi bandalagsins í samræmi við málsmeðferðina sem er skilgreind í 6. mgr. og 6. gr. reglugerðarinnar.

5. Heimilt er að nota varasjóðinn til ráðstafana, sem um getur í 8. gr., ef samtök, sem eru í fyrirsvari fyrir farmflytjendur á skipgöngum vatnaleiðum, fara einróma fram á

það. Í því tilviki skulu ráðstafanirnar vera hluti af bandalagsaðgerð.

6. Gagnkvæmur fjárstuðningur skal vera milli sjóðanna, að því er varðar aðgreinda reikninga sem um getur í fyrstu undirgrein 3. mgr. Þetta kemur til framkvæmda vegna allra útgjalda og allrar fjármögnunar sem um getur í annarri undirgrein 3. mgr., til að tryggja jafna meðferð allra farmflytjenda sem reglugerðin nær yfir, óháð því hvaða sjóði skip þeirra heyrir undir.

7. Hlutaðeigandi aðildarríki skulu halda áfram að reka sjóðinn sem um getur í 3. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1101/89 þar til buið er að stofna nýja sjóðinn sem um getur í 1. mgr.

4. gr.

1. Skip sem heyra undir þessa reglugerð, hvort sem þau eru nýsmíðuð, flutt inn frá þriðja landi eða sigla út fyrir vatnaleiðirnar, sem getið er um í a-, b- eða c-lið 2. mgr. 2. gr., má taka í notkun en þó því aðeins (reglan „gamalt fyrir nýtt“) að eigandi skipsins sem taka á í notkun:

— annaðhvort úreldi, án þess að taka við úreldingarbótum, tonnafjölda sem er ákvarðaður með samanburði milli tonnafjölda eldri skipa og tonnafjölda nýrra skipa, sem nefnist „hlutfallið“ og ákveðið er af bandalaginu,

— eða greiði í sjóðinn, sem nýja skipið fellur undir eða sjóð sem hann velur sjálfur í samræmi við 2. mgr. 5. gr., sérstakt framlag sem byggist á áður nefndu hlutfalli eða, ef eigandinn úreldir færri tonn en krafist er samkvæmt áður nefndu hlutfalli, greiði það sem samsvarar mismuninum á tonnafjölda nýja skipsins og tonnafjöldanum sem var úreלטur.

2. Hægt er að ákveða mismunandi stig hlutfallsins fyrir mismunandi svið markaðarins, þ.e. þurrflutningaskip, tankskip og stjakkbáta.

Hlutfallið ber að minnka jafnt og þétt til að koma því eins hratt og unnt er og í reglubundnum áföngum niður í núll eigi síðar en 29. apríl 2003.

Þegar hlutfallið er komið niður í núll skal breyta tilhöguninni í varaúrræði, sem einungis er heimilt að beita ef til alvarlegrar markaðsröskunar kemur, eins og kveðið er á um í 6. gr.

3. Eigandi skipsins skal hafa val á milli þess að greiða sérstakt framlag og úrelða tonnafjölda eldri skipa:

— annaðhvort þegar hann leggur fram bindandi pöntun á eða umsókn um smíði eða innflutning á nýju skipi, svo framarlega sem það er tekið í notkun innan tólf mánaða þaðan í frá,

— eða þegar nýja eða innflutta skipið er tekið í notkun.

Valið skal eiga sér stað þegar verið er að panta skip eða sækja um innflutning á þeim.

Skip sem á að úrelða, sem tonnaþjöldu með bótagreiðslum, verður að vera búið að úrelða þegar nýja skipið er tekið í notkun.

Hafi eigandi skips, sem á að taka í notkun, úrelt hærri tonnaþjöldu en nauðsyn bar til fær hann engar fébætur fyrir umframtonnin.

Öll hlutaðeigandi aðildarríki geta veitt leyfi til þess að skip, sem örugglega er búið að taka af markaði til annarra nota en vöruflutninga, til dæmis í mannúðarskyni, sem safnskip, til útflutnings til þróunarlanda utan Evrópu eða eru fengin í hendur stofnunum sem ekki eru reknar í hagnaðarskyni, séu meðhöndluð sem tonnaþjöldu með bótagreiðslum, þ.e. eins og búið sé að úrelða þau. Þau skulu tilkynna slíkt leyfi til framkvæmdastjórnarinnar, sem tilkynnir það öðrum hlutaðeigandi aðildarríkjum.

4. Þegar um stjakkbáta er að ræða skal nota hugtakið „hreyfiafl“ í stað „tonnatölu“.

5. Skilyrðin, sem sett eru fram í 1. mgr., skulu einnig gilda þegar flutningsgeta eykst við það að skip eru lengd eða skipt er um vél í stjakkbát.

6. Að höfðu samráði við aðildarríkin og samtök, sem eru í fyrirsvari fyrir flutningastarfsemi á skipgengum vatnaleiðum á vettvangi bandalagsins, er framkvæmdastjórninni heimilt að undanskilja sérhönnuð skip frá gildissviði 1. mgr.

Sérhönnuð skip verður að smíða á sérstakan tæknilegan hátt til að flytja eina tegund af vöru og þau verða að vera tæknilega óhentug til að flytja aðrar vörur, það verður að vera ógerlegt að flytja þessa einu vörutegund á skipum án sérstaks tæknibúnaðar og eigendur skipanna verða að gefa skriflega yfirlýsingu um að engar aðrar vörur verði fluttar á skipum þeirra á meðan reglan „gamalt fyrir nýtt“ er í gildi.

5. gr.

1. Sérstök framlög vegna skipa, sem eru skráð í einhverju hlutaðeigandi aðildarríki, skal greiða í sjóð aðildarríkisins þar sem skipið er skráð. Framlög vegna óskráðra skipa, sem rekin eru af fyrirtæki með staðfestu í einhverju hlutaðeigandi aðildarríki, skal greiða í sjóð aðildarríkisins þar sem fyrirtækið hefur staðfestu.

2. Sérstök framlög vegna skipa, sem eru skráð í einhverju öðru aðildarríki en hlutaðeigandi aðildarríki, eða vegna óskráðra skipa, sem rekin eru af fyrirtæki með staðfestu í öðru aðildarríki en hlutaðeigandi aðildarríki, skal greiða í einhvern sjóðanna sem stofnaðir eru í hlutaðeigandi aðildarríkjum að vali eiganda skipsins.

6. gr.

Ef til alvarlegrar markaðsröskunar kemur, eins og skilgreint er í 7. gr. tilskipunar 96/75/EB, getur framkvæmdastjórnin, að beiðni aðildarríkis og eftir að nefndin sem um getur í 8. gr. áður nefndrar tilskipunar hefur skilað álit og í samræmi við málsmeðferð sömu greinar, endurvakið regluna „gamalt fyrir nýtt“ í takmarkaðan tíma, í samræmi við 7. gr. áður nefndrar tilskipunar, og mögulega samtímis því gert ráðstafanir um skipulagsbætur.

Í tengslum við slíkar ráðstafanir getur skipseigandi sem úreldir skip, sem um getur í 1. mgr. 2. gr., þ.e. lætur rífa skrokk skipsins algerlega niður eða eyðileggja skrokk og vél ef um stjakkbát er að ræða, fengið úrelðingarbætur úr sjóðnum sem skip hans heyrir undir og ákvarðar framkvæmdastjórnin fjárhæðina að því marki sem fjármögnunarleiðir eru fyrir hendi og skilyrðum 7. gr. er fullnægt.

Þessar bætur fást þó því aðeins að eigandi færi sönnur á að skipið sé hluti skipaflota hans og í fullum rekstri, þ.e.:

— að skipið sé í góðu ásigkomulagi, og

— að eigandi skipsins geti lagt fram skírteini um haffæri og tonnaþjöldu eða leyfi til að stunda flutninga innanlands, gefið út af lögbæru yfirvaldi í einhverju hlutaðeigandi aðildarríki, og

— að skipið hafi farið að minnsta kosti tíu ferðir síðustu 24 mánuði áður en sótt er um úrelðingarbætur. Með „ferð“ er átt við flutninga í viðskiptaskyni þá vegalengd sem svarar til venjulegrar flutningsvegalengdar með vörur af sömu tegund (yfir 50 km) með rúmtölu farms sem er í hæfilegu hlutfalli við flutningsgetu skipsins (að minnsta kosti 70%).

Ekki skal veita bætur vegna skipa sem eru úrelt vegna skemmda er hljótast af strandi eða öðrum áföllum í heim mæli að ekki er hægt að gera við þau eða viðgerðarkostnaðurinn verði meiri en nemur úrelðingarbótunum.

Nú hafa lögbær yfirvöld rökstudda ástæðu til að efast um að skip, sem sótt er um úrelðingarbætur fyrir, sé í góðu ásigkomulagi og geta þau þá fengið skoðunarmann til að votta að í tæknilegu tilliti sé skipið fært um að flytja vörur. Fullnægi skipið ekki þessari kröfu skal ekki veita úrelðingarbætur.

7. gr.

1. Að höfðu samráði við aðildarríkin og samtök, sem eru í fyrirsvari fyrir flutningum á skipgengum vatnaleiðum á vettvangi bandalagsins, skal framkvæmdastjórnin ákvarða sérstaklega fyrir þurrflutningaskip, fyrir tankskip og fyrir stjakkbáta:

- hlutfallið með tilliti til reglunnar „gamalt fyrir nýtt“ vegna skipa sem um getur í 2. gr.,
- fjárhæð sérstaks framlags,
- tímabil, skilyrði fyrir veitingu og fjárhæðir úreldingar-bótanna sem um getur í 6. gr.,
- jöfnunarstuðla (jafngildan tonnafjölda) fyrir hverja gerð og hvern flokk skipa í siglingum á skipgengum vatnaleiðum.

2. Sérstök framlögin og úreldingarbæturnar skulu tilteknar í evrum. Fjárhæðir skulu vera þær sömu fyrir alla sjóðina.

3. Sérstök framlög og úreldingarbætur skal reikna út frá burðargetu flutningaskipa en út frá hreyfiafli stjakkbáta.

4. Að höfðu samráði við aðildarríkin og samtök, sem eru í fyrirsvári fyrir flutningum á skipgengum vatnaleiðum á vettvangi bandalagsins, skal framkvæmdastjórnin setja nákvæmar reglur um gagnkvæman fjárstuðning sem um getur í 6. mgr. 3. gr.

5. Þegar framkvæmdastjórnin tekur ákvarðanir sínar skal hún enn fremur taka mið af niðurstöðum athugana á flutningsmörkuðum innan bandalagsins og af hverjum þeim breytingum sem kunna að vera í auglýsningu, svo og af nauðsyn þess að komast hjá allri röskun á samkeppni í þeim mæli að stríði gegn hagsmunum heildarinnar. Sem framlag til athugana á markaðinum verða eigendur nýsmíðaðra eða innfluttra skipa að tilkynna sjóðunum um þau sex mánuðum áður en skipin eru tekin í notkun.

8. gr.

Með fyrirvara um 5. mgr. 3. gr. geta aðildarríki gert ráðstafanir einkum til að:

- auðvelda farmflytjendum á skipgengum vatnaleiðum, sem hætta í greininni, að komast á eftirlaun fyrir en ella eða snúa sér að annarri atvinnustarfsemi,
- skipuleggja starfsmenntunar- eða endurmenntunarnám-skeið fyrir launþega sem hætta í greininni,
- hvetja sjálfstæða eigendur/rekstraraðila til að ganga í atvinnugreinasamtök,
- stuðla að tæknilegri aðlögun skipa með tilliti til bættra starfsskilyrða og eflingar tæknilegra öryggisskilyrða,
- bæta faghæfni rekstraraðila til að tryggja þróun og framtíðarmöguleika atvinnugreinarinnar.

9. gr.

1. Aðildarríkjunum ber að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að koma reglugerð þessari til framkvæmda og skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni.

Þessar ráðstafanir skulu meðal annars fela í sér stöðugt og árangursríkt eftirlit með því að staðið sé við skuldbindingar sem lagðar eru á fyrirtækin með þessari reglugerð og að farið sé að innlendum ákvæðum sem hafa verið samþykkt vegna framkvæmdar hennar og enn fremur um viðurlög við brotum.

2. Ár hvert skulu aðildarríkin senda framkvæmdastjórninni allar upplýsingar um framvindu áætlunarinnar „gamalt fyrir nýtt“ og um fjárhagsstöðu sjóðanna og varasjóðanna sem tengjast þeim.

3. Framkvæmdastjórninni ber að samþykkja þær ákvarðanir sem henni er gert að taka samkvæmt 7. gr.

4. Framkvæmdastjórnin skal sjá til þess að sjóðirnir beiti ákvæðum þessarar reglugerðar með samræmdum hætti og tryggja samræmingu sjóðanna.

10. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 29. apríl 1999.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. mars 1999.

Fyrir hönd ráðsins,

F. MÜNTEFERING

forseti.